

22. gr. 1. mgr. – Breyting		
Var:	Verður:	Skýring:
Uppstillingarnefnd skal skila endanlegum tillögum til kjörstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir kjördag og skal listinn merktur bókstafnum A. Tillaga A skal liggja frammi á skrifstofu félagsins og auglýst félagsmönnum til sýnis 8 dögum áður en kosning hefst. Öðrum listum skal skilað eigi síðar en 7 sólarhringum fyrir kjördag. Komi aðeins fram einn listi þarf kosning ekki að fara fram.	Uppstillingarnefnd skal skila endanlegum tillögum til kjörstjórnar eigi síðar en 20. febrúar og skal listinn merktur bókstafnum A. Tillaga A skal liggja frammi á skrifstofu félagsins og auglýst félagsmönnum til sýnis í lámak átta daga. Öðrum listum skal skilað eigi síðar en 15 sólarhringum eftir að A listi er auglýstur félagsmönnum til sýnis. Komi aðeins fram einn listi þarf kosning ekki að fara fram.	Skýrir tímafrest enda liggur kjördagur oft ekki fyrir fyrr en eftir að A-listi hefur verið samþykktur. Með þessu er frestur annarra framboða aukinn úr 1 sólarhring í 15 sólarhringa hið minnsta. 20. febrúar er valin með fyrsta trúnaðarráðsfund í huga og að öll framboð hafi borist félaginu 7. mars enda skulu kosningar fara fram fyrir lok mars mánaðar.
11. gr. 1. Mgr - Breyting		
Var:	Verður:	Skýring:
Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfundar sbr. 28. gr. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á fjárreiðum félagsins ogeignum þess. Skyllt er stjórn félagsins að stuðla að því að gögn og aðrar upplýsingar sem tengjast sögu félagsins séu sem best varðveittar. Hún ræður starfsmenn félagsins,ákveður laun þeirra,	Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfundar sbr. 28. gr. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á fjárreiðum félagsins og eignum þess. Skyllt er stjórn félagsins að stuðla að því að gögn og aðrar upplýsingar sem tengjast sögu félagsins séu sem best varðveittar. Hún ræður starfsmenn félagsins, ákveður laun þeirra,	Lagt er til að haldið sé áfram í það form að ábyrgð með mönnun og skipulag skrifstofu sé hjá stjórn. Hins vegar er bætt við til áréttingar að heimilt sé að veita framkvæmdastjóra umboð að hluta eða öllu leyti umboð til þess að sjá um þessi mál hvað varðar almennt starfsfólk. Mikilvægt er að óumdeilt sé að valdið sé hjá stjórn til ráða stjórnendur. Stjórnin er

<p>vinnuskilyrði og starfsvið með ráðningarsamningum. Látifélagsmaður af trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir félagið er honum skylt að skila afsér öllum gögnum er trúnaðarstarf hans varðar.</p>	<p>vinnuskilyrði og starfsvið með ráðningarsamningum. Stjórn er heimilt að veita framkvæmdastjóra heimild til þess að ráða starfsmenn, aðra en milli- og efri stjórnendur. Láti félagsmaður af trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir félagið er honum skylt að skila af sér öllum gögnum er trúnaðarstarf hans varðar. Komi til álita að losa starfsmann undan starfsskyldum með starfslokasamningi skal ákvörðun þar um tekin af stjórn félagsins, þar með talið um starfslokakjör.</p>	<p>Lýðræðislega kjörin af félagsmönnum Eflingar og skrifstofan er það verkfæri sem stjórn hefur til að vinna sínum málum og málum félagsmanna framgang. Eðlilegra er að stjórn hafi yfirumsjón með þessu og að ábyrgðin sé skýr hjá stjórn hvað þetta varðar. Hvað varðar starfslok og uppgjör tengd þeim þá geta slíkir gjörningar verið umdeilanlegir og viðkvæmir í eðli sínu. Best er að þetta vald sé óumdeilanlega hjá lýðræðislega kjörinni stjórn sem sækir umboð sitt til félagsmanna. Ég tel að báðar þessar breytingar yrðu til þess að skýra og bæta valdmörk á milli stjórnar og daglegs stjórnanda skrifstofu. Breytingarnar skýra valmörk og ábyrgð og gera öllum sem hlut eiga að að rækja hlutverk sitt og verkefni betur. Félagsmönnum til hagsbóta.</p>
<p>12. gr. - Breyting</p>		
<p>Var:</p>	<p>Verður:</p>	
<p>Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega. Formaður kveður til stjórnarfunda og stjórnar þeim.</p>	<p>Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega og stjórnar formaður þeim. Formaður kveður til</p>	<p>Tillögunni er ætlað að formfesta betur hvernig boðað er til stjórnarfunda og hvað skuli felast í fundarboði.</p>

<p>Formanni er skylt að halda stjórnarfund ef minnst fjórir stjórnarmenn óska eftir því. Hann undirritar gerðir félagsins og gætir þess, að allir starfsmenn þess geri skyldu sína. Hann ber ábyrgð á starfsemi félagsins og fylgist með því að lögum þess sé fylgt og reglum í öllum greinum. Varaformenn skulu í hvívetna aðstoða formann í starfi hans og taka við skyldum hans í forföllum.</p>	<p>stjórnarfundu með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara nema brýnar aðstæður krefjist skemmri fyrirvara. Dagskrá skal fylgja fundarboði og fundargögn vera stjórnarmönnum aðgengileg samhliða fundarboði. Formanni er skylt að halda stjórnarfund ef minnst fjórir stjórnarmenn óska eftir því. Hann undirritar gerðir félagsins og gætir þess, að allir starfsmenn þess geri skyldu sína. Hann ber ábyrgð á starfsemi félagsins og fylgist með því að lögum þess sé fylgt og reglum í öllum greinum. Varaformenn skulu í hvívetna aðstoða formann í starfi hans og taka við skyldum hans í forföllum.</p>	<p>Mikilvægt er í lýðræðislegri stjórn að tryggja að allar ákvarðanir séu vandaðar og vel ígrundaðar. Það er best tryggt með því að fest sé í form nægilegur frestur fyrir stjórnarmenn til að kynna sér gögn og undirbúa sig fyrir fundi. Stjórnarmenn eru flestir í fullu starfi og þurfa tíma og svigrúm til að rækja hlutverk sitt almennilega.</p>
<p>14. gr.</p>		
<p>Var:</p>	<p>Verður:</p>	
<p>Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum félagsins og bókhaldi eftir nánari fyrirmælum stjórnar. Kjörnir skoðunarmenn skulu yfirfara samþykktir og reikninga félagsins fyrir</p>	<p>“Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum félagsins og bókhaldi eftir nánari fyrirmælum stjórnar. Stjórn skal tryggja að fjármál félagsins séu jafnan í góðu horfi og að eðlilegt gagnsæi í</p>	<p>Breytingin áréttar það að fjárreiður og fjármál félagsins eru alfarið á ábyrgð stjórnar. Tillögunni er ætlað að aðgreina á milli hlutverks gjaldkera sem er að höndla með málin en enginn</p>

hvert reikningsár sem er almanaksárið og gera athugasemdir ef þörf er á.	bókhaldi og meðferð fjármuna sé til staðar. Kjörnir skoðunarmenn skulu yfirfara samþykktir og reikninga félagsins fyrir hvert reikningsár sem er almanaksárið og gera athugasemdir ef þörf er á.	vafi sé um að ábyrgðin er stjórnar en ekki gjaldkerans.
32. gr. - viðbót		
Lýsing:	Texti:	
Við bætist ný mgr. í greinina á eftir 1. Mgr. greinarinnar.	Stærri verk sem félagið lætur verktaka vinna fyrir sig skulu boðin út samkvæmt almennum reglum	Með þessari tillögu er lagt upp með að verkefni sem félagið fer í vegna reksturs og eða breytinga á rekstri sem verktakar vinni skuli fara í útboð og að allt sé gert til að fá besta og hagstæðasta verðið þar sem fjármunir félagsins eru nýttir. Og einnig sé eftir fremsta megni reynt að velja hæfasta verktakann.